JEAN - JACQUES LEBEL

JEAN - JACQUES LEBEL

Association Française d'Action Artistique styrkir þessa sýningu.

JEAN-JACQUES LEBEL ER Í HÓPI ATKVÆÐAMEIRI listamanna samtímans í Frakklandi. Hann hefur látið að sér kveða vestan hafs sem austan og hvarvetna vekja verk hans athygli ekki síður en róttækar skoðanir hans. Lebel er umdeildur eins og margir sem fara ótroðnar slóðir.

Mörgum gæti reynst erfitt að tileinka sér boðskap þessa listamanns, en þeir sem gefa sér tíma til að kynnast hugmyndum hans og verkum verða ríkari af.

Með þessari sýningu vill menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar bjóða upp á slík kynni.

Hulda Valtýsdóttir

formaður menningarmálanefndar



Cosmic Gremb, 1990
blönduð tækni, 386 x 265 x 32 sm

JEAN-JACQUES LEBEL

MIG MINNIR ÞAÐ VÆRI MATISSE sem sagði að list ætti að vera „eins og góður hægindastóll“ þar sem menn geta hvílt sig eftir erfiðan dag. Þetta er nú það sem listin hefur orðið að meira eða minna leyti. Aldrei hafa jafn mörg sníkjudýr sest á hana, haft hana sem fótaþurrku, snýtt sér á henni. Meðalmenni, auglýsingamenn, fjármálaspekúlantar, fréttamenn, vampýrur, veðmangarar, prófessorar, hórumangarar, safnarar, sagnamenn, styrkveitendur, bófar af öllu tagi hringsóla kringum hana og skapa algjört umferðaröngþveiti. Ég er ekki að gráta það að „listin er ekki það sem hún var forðum“, ég er aðeins að segja málaralistin er orðin að iðnaði, rétt eins og kvikmyndirnar, og hún hefur sömu úrræði, markmið og eyðingarmátt og iðnaður. Með öðrum orðum, til þess að komast af verður listamaðurinn að aðlaga sig þessu nýja hlutverki sínu að bjóða upp á Framleiðslu sem að formi og innihaldi Hvað sem í skerst skal enginn listamaður hafa frelsi til að tjá sig. Það er iðkuð meiri háttar fölsun á vitund einstaklingsins jafnt sem undirmeðvitund fjöldans. Ég veit um tugi nýlegra tilvika þar sem listin hefur verið kæfð. Við bíennalinn í París í síðustu viku var listamaður, kallaður Breyton, beðinn um að endurmála heila röð af myndum sínum — sem einhver skriffinnurinn kallaði erótískar — eða fara út að öðrum kosti. Hann endurmálaði myndir sínar og það tel ég hörmulega ragmennsku.

Það kann að vera að trönumálverk sé ekki lengur svo máttugt vopn sem það var t.d. á tímu Goya. Margt hefur verið ritað um uppruna og tilgang „happenings“, að minnsta kosti þess sem tíðkast hefur síðan 1959. Í Evrópu er brýn nauðsyn að nota tungumál listarinnar í sérlegri baráttu fyrir lífinu, sú barátta virðist ekki hafa verið skilin í réttu samhengi. Við stöndum gegn gríðarlegu ofurefli. Skipuleg bæling, mikill ósýnilegur heilaþvottur, tölvuforrituð menning. Getum við barist gegn því öllu, getum við enn tjáð eitthvað sem lýsir í eigin mynd eða ljóði? Eins og við værum burtséð frá eigin draumsýnum, ekki ánetjuð



J.J. Lebel ásamt Sam Goodman og Allan Kaprow í New York 1961
(ljósmynd: Bill Lewis)

samræmist því „sem fólkið vill“, þ.e.a.s. því sem sölumenn, fjölmiðlar, silkitungurnar geta selt. Hvað sem listamaður gerir sem ekki fellur að einhverri tísku á markaðinum er bannfært af þeim útvöldu sem hafa tökin á heimslistinni. Allt frá þeim tímum að listamenn skyldu ekkert mála nema madonnur (með eða án barns) hafa þeir aldrei þurft að beita meiri klækjum eða undirferli til þess að koma ögn af eigin sál inn í Framleiðsluna. En slíkt varðar við lög: í þeirri bráðdrepandi iðnaðarflækju sem kallast þjóðfélag. Ég fullyrði að eina útgönguleiðin er sú list sem sjálf felur í sér aðgerð en leiðir ekki aðeins til aðgerða.

Takið eftir því að bannorð og bæling eru af sama toga við öll nútíma stjórnarform, hvort heldur í svokölluðum lýðræðisríkjum eða sósíalistaríkjum. Hvað sem þið gerið þá æsið menn ekki til aðgerða, látið þá ekki skilja að það sé þeirra sjálfra að losa sig, leyfið þeim ekki að taka þátt í

neinu því sem gæti vakið þá, látið þá ekki finna eða skilja að heimurinn, sem þeir búa í, sé eitthvað sem mætti breyta. Forboðnustu efnin eru auðvitað kynferðismál og stjórnmál og af því að þessi mál eru strangvörðustu svæði mannlegs lífs hafa þau orðið áleitnust og meira viðfangs-



J.J. Lebel og Piero Manzoni í Milanó 1959
(ljósmynd: Hugo Mules)

efni listamanna en nokkru sinni.

Listamanninum er sagt að hann verði að lyfta sér á æðra plan ef hann ætli að komast af. Það skiptir raunverulega ekki máli hvort maður málar uppstillingar eða málar abstrakt mynd af frönskum fallhlífahermönnum að pynda alsírska stúlku eða Jackie Kennedy á niðurleið eða frú Chang Kai-Shek eða elskulegan Hitler að kveikja í vindli hjá Churchill með 50 dollara seðli (þeir voru báðir málarar).

Enginn kærir sig lengur um olíumálverk, það má kaupa þau í Woolworth's.

Það sem við höfum hins vegar verið að gera með „happening" er ekki aðeins að gefa fólki eitthvað til þess að horf á, við höfum gefið þeim eitthvað að gera, eitthvað til þess að taka þátt í og skapa með. Við gefum fólki tungumál fyrir draumsýnir sínar, þrár og ævintýraheima. Það er ekki að undra að um leið og farið er af stað koma valdboðsviðbrögðin hjá filisteunum og menningarlögreglunni sem vill að fólkið sé áfram óvirkt og undirgefið. Sálrænum tengslum milli manna eru sennilega enn þrengri skorður settar á tímum Sprengjunnar en á tímum sjóræningjanna eða gömlu kylfunnar.

Tökum það sem gerðist í síðasta mánuði á listahátíðinni í Cardiff. Eftir að hafa talað, lesið og hlustað í viku á skáldaþinginu ákváðum við Jeff Nuttall, Tom Hudson, Philip Corner og ég að láta eitthvað fara að gerast. Eftir að hafa rutt okkur braut gegnum býsn af skriffinnsku og lofað að hafa enga nektarsýningu fengum við sal og báðum þá sem vildu koma að hafa meðferðis eitthvað að eigin vali til meðferðar og breytingar. Meðal annars geggjaðs, sem gerðist, var að einn kom með tré og öðrum tókst einhvern veginn að koma með stóran, feitan göllt (sem var kallaður Vietnam svínið). Viðbrögð „yfirvalda" voru skjót og harkaleg. Gölturinn var drifinn út úr salnum og bannað að fórna honum og þannig var allri hugmyndinni um „happening" breytt og settar takmarkanir á hana. Þessi „happening" varð bara enn einn meinlaus leikurinn.

An það hefur komið fyrir að við höfum brotist gegnum vegginn (sem siðmenningin hefur reist til að verjast byltingu). Og þau skipti verða fleiri, miklu fleiri. „Happening" er rétt að fara af stað.

I.C.A. BULLETIN, Lundúnum 1965

(Aðalsteinn Davíðsson íslenskaði)

ANDRÉ PIEYRE DE MANDIARGUES


EKKERT FER JAFN MIKIÐ FYRIR BRJÓSTIÐ á Jean-Jacques Lebel og þeir múrar sem flagga lögmálum hvers konar og það lágkúrulega brask sem miklir menn leggjast svo lágt að stunda. Hrútur er hann, að ég held, hann setur undir sig hausinn og ræðst gegn stimpluðu pappírsflóðinu, til atlögu við hina frönsku ellibelgi. Ósvífni er honum eiginleg, uppreisnin honum í blóð borin. Þegar honum rennur móðurinn, spretta fram nakin brjóst sem skarta sínu fegursta, rétt eins og vafningsviður sem eftir gróðrarskúr leggur undir sig brotna rimla fangelsis, dómshúss, hóruhúss, verksmiðju, herbúða og skóla.

1964

(Friðrik Rafnsson íslenskaði)



J.J. Lebel og Øyvind Fallstrøm í New York 1961



Hommage à Billie Holliday, 1959
Til heiðurs Billie Holliday
olía og ripólín á tré, 164 x 132 sm

VIKTOR BRAUNER

HELGIDANSINN

ÞAR SEM JEAN-JACQUES LEBEL LIFIR HANDAN LÍFSINS áttar hann sig, hér í þessum hverfula raunveruleika, á því hversu samruni efnanna er mikið lífsspursmál, hversu mikill kraftur liggur þar falinn og hvílíka byltingu það á eftir að hafa í för með sér, hvort sem er á sviði siðfræðinnar eða á sviði efnafræðinnar. Við erum nánast búin að missa sjónar á snilllingnum í þeirri nýju og fjölskrúðugu deiglu málverksins-verslunarvörunnar sem hefur flætt um heim allan eins og sýklaeyðandi fjármagn sem hefur innbyrt listamanninn og melt hann. Hjá Jean-Jacques Lebel: leifar titrandi örlaga skapara, ákafur forsmekkur grundvallarkrafna hans innra manns (þær eru frelsi, ofbeldi, óreiða, samræða) sem þreifar á þessum óbyggilega ytra heimi, til að leggja hann í rúst.

Úr þeim formum sem hann hefur skapað (rétt eins og línunum í lófa hans) má lesa viljafestu manns sem leggur líf sitt og sál að veði í leit sem menn duðra nú á tímum allt of oft við sér til viðurværis: listina. Form hans eru stjórnlaust samslungin byggingu sem er í senn nauðsynleg og óafturkallanleg, eins og ný hlið þeirrar manngerðar sem reynir að festa sig í sessi sem sigurvegari í útrýmingarbúðum þar sem boðorðin tíu hefta andlegt frelsi og leggja stein í götu sköpunarinnar. Þetta eru þjóðfræðilegir skynjarar fornra samfélaga, samþjöppuð, ofurnæm hugvitund; þegar manneskjan verður fyrir djúpum og miklum hughrifum sprengir hún af sér öll form tjáningar. Lebel vill halda sig við sjálfa uppsprettu löngunarinnar (þar sem hún er yngst og ferskust), því hann er hvorki þræll slagorða, íhaldssemi né löngunar til að semja sig að annarra háttum.

Snillingurinn býr ekkert til, hann þreifar á allri þeirri fjölbreytni sem fyrir er og dregur fram einn ellegar tvo viskusteina: öllum skilningarvitunum er beitt í þessum andlegu hræringum, þetta er helgidans.

Ímyndunarafl sem verður að efni, efni sem verður að ímyndunarafli, takast heiftúðlega á og þessi gríðarlegu átök skilja eftir sig vegsummerki nákvæmlega þar sem harmleikur mikilla fyrirheita á sér stað.

Harmleikurinn snýst um að halda eða tapa vitinu, lífinu einnig. Þar með er ekki verið að velta sér upp úr einu né neinu, þessi stöðuga endurnýjun er sjálfur framhluti þeirrar þekkingarvélar sem nefnd er maður.

Milanó, 1961

(Friðrik Rafnsson íslenskaði)

FELIX GUATTARI

JEAN-JACQUES LEBEL, MÁLARINN SEM MÁLAR ÞVERSUM

FLESTIR ÞEIRRA SEM KYNNTUST JEAN-JACQUES LEBEL héldu að hann hefði endanlega snúið bakinu við málverkinu og teikningunni. Hann var eins og vígahnöttur á sjöunda áratugnum. Marcel Duchamp og Max Ernst vöktu athygli á honum, en eftir atburðina 1968 ákvað hann að hætta að taka þátt í tilstandinu sem tengdist sólóferlum, eða „one man show" listamanna. Engu að síður hélt hann áfram að þróa myndlist sína, sjálfs sín vegna. Vissulega er hugmyndafræðileg réttlæting þess að láta sig hverfa þannig í skuggann tengd ákveðnum andófsstíl; engu að síður má færa rök fyrir því að þetta eigi sér aðrar ástæður, sem ég fyrir mitt leyti tel að sé hans eigin aðferðafræði.

Jean-Jacques Lebel hefur aldrei málað til þess eins að vera „listmálari", heldur til að byggja sjálfan sig upp í gegnum verk sem hann er að skapa, og heldur þannig á lofti merki súrrealistanna miklu sem lögðu línuna. Ferli sjálfsprottinnar tjáningar sem byggðist á því að stefna saman hinum ólíku tjáningaraðferðum og ganga þvert á viðteknar hugmyndir um fagurfræði, þjóðfélagsskipan, mannleg samskipti og svo frv... Hér snýst málið ekki um að taka til í Sjálfinu, heldur að koma af stað þeim fjölmörgu áhrifaöflum sem eru á kreiki í samskiptum fólks á tilteknu tímaskeiði. Og ég vil undirstrika að á þessum tíma, þegar allt morar í möguleikum, á tækniþróun eftir að skipta höfuðmáli og þá einkum á sviði hvers konar boðskipta. Það sést á þessum málverkum, þar sem myndbönd og skyndimyndir eru notuð sem hlekkir í hinni eiginlegu myndsköpun, en það lá þegar í augum uppi er Jean-Jacques Lebel lagði sig allan fram við að tjá sig á annan hátt, með gjörningum, performönsum og hljóðljóðum. Í þeim gríðarmiklu alþjóðlegu listviðburðum sem hann stóð fyrir í París, Mílanó og New York — And-réttarhöldin (1960–61), Hátíð tjáningarfrelsisins (1964–67), Polyphonix (frá 1979 til 1988), Stríð gegn stríðinu (1982) — safnaði hann ætíð saman sýningum á málverkum, kvikmyndum eða myndböndum, ljóðlist í öllum útgáfum, alls konar tónlist og vitaskuld gjörningum.



J.J. Lebel og Erró í París 1958

Jean-Jacques Lebel hefur haldið tryggð við þau brjálæðislegu áform tímabilsins þegar menn hugðust slá burt skilrúmin milli listarinnar, vísindanna og lífsins svo áhrif þessara þátta yrðu gagnkvæm á öllum sviðum hins huglæga og þjóðfélagsins þannig að verk hans, sem hafa góðu heilli verið fjarri tíðarandanum, fjarri árekstrum

milli hópa og hagsmunaaðila, snúa nú til baka fersk sem aldrei fyrr og benda ásakandi á samtímann: er hann eða er hann ekki fær um að kljást við þessi verk núna? En það mætti bæta við spurninguna, ydda hana og skerpa. Hversu mikið þyrfti að hreinsa verk hans og hversu mikla vitsmuni og næmni þyrfti til að fá þau til að endurfæðast og hrífa okkur burt frá því kuldaskeiði sem hefur verið ríkjandi frá upphafi níunda áratugarins?

Hinir tveir andmenningarlegu sjúkdómar sem bættu hvor annan upp á sjöunda áratugnum fólust annars vegar í því að leggja of mikla áherslu á félagslegu hliðina á kostnað innri lífshræringa einstaklinganna, og hins vegar í því að menn gerðu sér ekki nægilega ljósa grein fyrir áhrifum pólitískra hagsmuna og verkin urðu þannig í senn vanhugsuð og handahófskennd. Jean-Jacques Lebel féll aldrei í þessar gildrur: hann hefur alltaf litið svo á að þjóðfélagslegar aðgerðir séu óaðskiljanlegur hluti af skáldskapnum, og enda þótt hann hafi ævinlega haft megnustu andúð á embættismönnum sem sitja á valdastóli, hikaði hann ekki við að taka þátt í hinni pólitísku baráttu þegar hinn vinstrisinnaði þingmeirihluti lét í það skína að hillti undir meira frjálsræði í listsköpun í landinu. Það er athyglisvert að fylgjast með því að á fimmtán til tuttugu ára fresti bregður sömu undirliggjandi formunum fyrir í verkum hans. Hann er þar ekki að endurtaka sömu „viðfangsefnin", heldur er hann sífellt að velta upp nýjum fleti á einni og sömu fullyrðingunni. Öll málverk hans eru bókstaflega morandi af augum með kynhvöt, eða augnlaga kynfærum, enda þótt þeir vondu straumar sem þau gefa frá sér séu síður en svo einhlítir. Menn geta sjálfir reynt þetta með því að ganga nokkur skref frá hverju málverki fyrir sig: þegar menn eru komnir í vissa fjarlægð breytist merking þess sem ber fyrir augu þeirra, og fyrir áhrif „gestalt" hætta öll þessi brot að vera „brot úr einhverju" maður hættir að horfa á þau sem ögrandi furðufyrirbæri og þau taka á sig mynd heillandi augnaráðs helgimyndar, augnaráðs sem horfir í gegnum þann sem er að horfa, dýpra og lengra en hann sjálfan getur nokkru sinni órað.

Annar möguleiki: Snúa málverkunum á alla kanta og fá þannig staðfestingu á því hve hringlaga form er heillandi. Hvernig sem maður kýs að líta á málið rekst maður ævinlega á kraftinn sem skerst í einum punkti, þrjár hliðstæður sem myndlistarmönnum hafði fram til þessa einungis tekist að vinna með sitt í hvoru lagi: málverkið og ritlistina, málverkið og collage og loks ritlistina og collage. Það er þessum vendipunktum að þakka að fullyrðing verksins teygir sig í áttina til gátunnar um tilvist lífsins, dauðans og véla með kynhvöt áður en merkingar þessara fyrirbæra kristallist í fyrirframgefnar merkingar. Styrkur Jean-Jacques Lebel felst í því að laða smátt og smátt fram galdur í málverkum sínum en halda þó ætíð háðskri og kíminni fjarlægð.




J. J. Lebel í vinnustofu sinni í Normandí
(ljósmynd: Hopi Lebel)

París 1988


(Friðrik Rafnsson íslenskaði)



New York School, 1961
New York skólinn
samklippa og olía á pappír á tré, 154 x 94 sm



Autel de la Révolution, 1960
Altari byltingarinnar
skúlptúr/samsetningur, blönduð tækni, 130 x 178 sm



Gauguin's spirit, 1960
Andi Gauguin
blönduð tækni, 128 x 101 sm



Portrait de Candida, 1959
Andlitsmynd af Candidu
olía og ripólín á tré, 148 x 116 sm

Corps mémorable, 1959
Eftirminnilegur líkami
olía og rípólín á léreft., 163,9 x 132,2 sm






Laura G. Posando, 1958
olía á tré, 78 x 122 sm



Bloody Mona Lisa, 1960
Blóðuga Móna Lísa
samklippa og olía á tré, 174 x 122 sm



Parfum "Grève générale", bonne odeur, 1960
Ilmvatn „Allsherjarverkfall", góður ilmur
ljósmyndir, samklippa, veggfóður og olía á tré, 112 × L 82,5 sm



Les manuscrits de Pascal, 1962
Handrit Pascals
samklippa og olía á tré, 200 x 100 sm



Mr America: BOMB !, 1961
Hr. Amerika: SPRENGJA!
blönduð tækni, 256 x 73 sm



Paris/New York with Johanna, 1961
Paris/New York með Jóhönnu
samklippa og olía á tré, 140 × 140 sm




Moon Man, 1961
Tungl maðurinn
blönduð tækni, olía og ripólin á tré, 145 x 46 sm




et 10 bis — La Rimbaldienne, 1960
og 10 b — La Rimbaldienne
blönduð tækni, samklippa og olía á tré, 228 x 122 sm



Le Culte du Sein, 1962
Brjóstadýrkun
samklippa og olía á tré, 100 x 100 sm



Christine Keeler Tabloid, 1965
samklippa og olía á tré, 200 x 100 sm



Radio Mono (Hommage à Antonin Artaud), 1962
Útvarp Mono (Til heiðurs Antonin Artaud)
blönduð tækni, 290 x 150 sm



Going up? Going down? (religious elevator), 1962
Upp? Niður? (trúarlyfta)
blönduð tækni, 100 x 200 sm



Religiosités (variant B), 1963
Trúrækni, (tilbrigði B)
blönduð tækni, 138 x 153 sm



Le Vase de l'Amour, 1982
Vasi ástarinnar
blönduð tækni, 250 x 80 x 80 sm.



Totemic Identification, 1963
samklippa og olía á tré, 100 x 134 sm

VERKALISTI

1. Je hais le règne du bourgeois et du flic ... mais je hais encore davanage ceux qui aiment ce genre de peintre, 1957
Ég hata vald borgarastéttarinnar og lögreglunnar... en ég hata ennþá meir þá sem líkar við þessa tegund af málara
olía á léreft, 100 x 50 sm

2. Atlantide, 1958
olía og ripólín á tré, 122 x 174 sm

3. Laura G. Posando, 1958
olía á tré, 78 x 122 sm

4. Suzanne et ses vieillards, 1959
Súsanna og öldungarnir hennar
olía á tré, 78 x 122 sm

5. Corps mémorable, 1959
Eftirminnilegur líkami
olía og ripólín á léreft , 163,9 x 132,2 sm

6. Portrait de Candida, 1959
Andlitsmynd af Candidu
olía og ripólín á tré, 148 x 116 sm

7. Hommage à Billie Holliday, 1959
Til heiðurs Billie Holliday
olía og ripólín á tré, 164 x 132 sm

8. Equation: ∞ ← ○ ♀, 1959
Jafna: ∞ ← ○ ♀
samklippa og olía á krossviður, 45 x 160 sm

9. Autel de la Révolution, 1960
Altari byltingarinnar
skúlptúr/samsetningur, blönduð tækni, 130 x 178 sm

10. et 10 bis — La Rimbaldienne, 1960
og 10 b — La Rimbaldienne
blönduð tækni, samklippa og olía á tré, 228 x 122 sm

11. Bloody Mona Lisa, 1960
Blóðuga Móna Lísa
samklippa og olía á tré, 174 x 122 sm

12. Parfum "Grève générale", bonne odeur, 1960
Ilmvatn „Allsherjarverkfall", góður ilmur
ljósmyndir, samklippa, veggfóður og olía á tré, 112 x L 82,5 sm

13. Gauguin's spirit, 1960
Andi Gauguin
blönduð tækni,128 x 101 sm

14. Moon Man, 1961
Tungl maðurinn
blönduð tækni, olía og ripólín á tré, 145 x 46 sm

15. New York School, 1961
New York skólinn
samklippa og olía á pappír á tré, 154 x 94 sm

16. Paris/New York with Johanna, 1961
Paris/New York með Jóhönnu
samklippa og olía á tré, 140 x 140 sm

17. Mr America: BOMB !, 1961
Hr. Ameríka: SPRENGJA!
blönduð tækni, 256 x 73 sm

18. Going up? Going down? (religious elevator), 1962
Upp? Niður? (trúarlyfta)
blönduð tækni, 100 x 200 sm

19. Radio Mono (Hommage à Antonin Artaud), 1962
Útvarp Mono (Til heiðurs Antonin Artaud)
blönduð tækni, 290 x 150 sm

20. Le Culte du Sein, 1962
Brjóstadýrkun
samklippa og olía á tré, 100 x 100 sm

21. More Momism, 1962
samklippa og olía á tré, 100 x 200 sm

22. Les manuscrits de Pascal, 1962
Handrit Pascals
samklippa og olía á tré, 200 x 100 sm

23. Totemic Identification, 1963
samklippa og olía á tré, 100 x 134 sm

24. Bird's mind view, 1963
Hugsýn fugls
samklippa og olía á tré, 100 x 100 sm

25. Religiosités (variant A), 1963
Trúrækni, (tilbrigði A)
blönduð tækni, 138 x 153 sm

25. Religiosités (variant B), 1963
Trúrækni, (tilbrigði B)
blönduð tækni, 138 x 153 sm

26. Christine Keeler Tabloid, 1963
samklippa og olía á tré, 200 x 100 sm

27. Boom sur les remises, 1963
samklippa og olía á tré, 200 x 100 sm

28. Le Vase de l'Amour, 1982
Vasi ástarinnar
blönduð tækni, 250 x 80 x 80 sm

29. Cosmic Gremb, 1990
blönduð tækni, 386 x 265 x 32 sm

30.
— Front Unique N° 2, Flórens, 1956
— Front Unique N° 3, Flórens, 1956
— Sýning Jean-Jacques Lebel, Galerie Iris Clert, París, 1957
— Anti-Procès 1, París, 1960
— Ein blaðsíða úr "Il Giorno" um l'Anti-Procès 1, 1960
— Anti-Procès 3, Mílanó, 1961
— Sýning Jean-Jacques Lebel, Galerie R. Cordier, París, 1963
— Fyrsta listaverkstæði frjálsrar tjáningar, París, 1964
— Sýning Jean-Jacques Lebel, Galerie E. Smith, París, 1965
— Önnur hátíð frjálsrar tjáningar , París, 1965
— Þriðja hátíð frjálsrar tjáningar, París, 1965
— Þrettán spurningar um leiklistarhátíðina í Avignon, 1968
— Polyphonix 6, Printemps de Bourges, 1984
— Polyphonix 11, Centre Pompidou, París, 1987
— Happenings og Fluxus, Galerie 1900-2000 og Ecole des Beaux-Arts, París, 1988

EINKASÝNINGAR

- Galleria Numero, Flórens, 1955
- Galerie Iris Clert, París, 1957
- Galerie Furstemberg, París, 1960
- Galleria Il Cavallino, Feneyjum, 1961
- Galleria Schwarz, Mílanó, 1961
- Galerie R. Cordier, París, 1963
- Galerie E. Smith, París, 1965
- Galerie 1900-2000, París, 1988
- Galerie Hundertmark, Köln, 1990
- Galerie Bernd Durr, Köln, 1990
- Galerie Bernd Durr, München, 1991
- Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum, 1992.

BÆKUR EFTIR J. J. LEBEL

CHOSES, ljóð
TANCREDI par lui-même, útg. Schwarz, Mílanó.
ANTHOLOGIE DE LA POÉSIE DE LA "BEAT GENERATION", útg. Denoël.
LE HAPPENING, útg. Denoël, bókaflokkur "Les Lettres Nouvelles".
LETTRE OUVERTE AUX REGARDEURS, í Les Lettres Nouvelles og English bookshop, París.
ENTRETIENS AVEC LE LIVING THEATRE, útg. P. Belfond.
PROCÉS DU FESTIVAL D'AVIGNON, Supermarché culturel, útg. P. Belfond.
"LA CHIENLIT, DOKUMENT ZUR FRANZÖSISCHEN MAI-REVOLTE", í samvinnu við J.-L. Brau og P. Merlhès, útg. Melzer Verlag, Darmstadt.
TEATRO Y REVOLUCIÓN, útg. Monte Avila, Caracas.
L'AMOUR ET L'ARGENT, útg. Stock, París.
HAPPENINGS, ACTIONS, INTERVENTIONS, útg. Loques, París.

SAMSÝNINGAR - ÚRVAL

Salon des Surindépendants, París, 1957, o.s.frv.
Salon de Mai, París, 1958, 59, o.s.frv.
MOSTRA INTERNAZIONALE DEL SURREALISMO, Galleria Schwarz, Mílanó, 1959.
EXPOSITION INTERNATIONALE DU SURRÉALISME, Galerie D. Cordier, París, 1959-1960
ásamt Camacho og Erró, Galerie R. Cordier, París, 1961.
"ANTI-PROCÈS", Galerie des 4 Saisons, París, 1960, Galleria il Canale, Feneyjum, 1960, Galleria Brera, Mílanó, 1961.
"HALL OF ISSUES", Judson Gallery, New York, 1962.
"POUR CONJURER L'ESPRIT DE CATASTROPHE", Galerie R. Cordier, París, 1962.
"NO SHOW", Gertrude Stein Gallery, New York, 1963.
L'ART ET LA RÉVOLUTION ALGÉRIENNE, Musée d'Alger, 1963.
"LE SURRÉALISME", (Sources, Histoire, Affinités), Galerie Charpentier, París, 1964.
FESTOMAN, Galleria I. Trivulzio, Mílanó, 1964 (ásamt Adami, Alechinsky, Arroyo, Erró, Lam, Matta, Recalcati, Rotella o.fl.).
Sýning á Hátíð frjálsrar tjáningar, American Center, París, 1964 og 1965 (ásamt A. Warhol, Erró, Malaval, Pommereulle, Kudo o.fl.).
"MONA LISA IM 20 JAHRHUNDERT", Duisbourg, Wilhelm-Lehmbruck safnið, 1979.
EROS, Galerie Sylvia Bourdon, París, 1979.
8. alþjóðlegi grafíkbíennalinn (Contact), Krakow, 1980.
"SIGNE/ÉCRITURE/IMAGE/SON", Galerie Transform, París, 1981, Ítölsku menningarstofnuninni, París, 1981.
"POUR CHANGE INTERNATIONAL", Galerie Le Dessin, París, 1983.
"NATURAL MENTE", - Città di Moncalvo, 1983.
"POLYPHONIX 10", Galerie Lara Vincy, París, 1986.
XLII. Feneyjabíennalinn, 1986.
"CHANGER LA VIE, André Breton et la révolution surréaliste du regard," Musée de Cahors, 1986.
"L'AVENTURE SURRÉALISTE" autour d'André Breton, Galerie Artcurial, París, 1986.
"MARCEL DUCHAMP UND DIE AVANT GARDE", Museum Ludwig, Köln, 1988.
I surrealisti, Palazzo Reale, Mílanó, 1989.
Desir/Desordre, The Gallery, Mílanó, 1989.
Konkret utopien, Kunsthalle, Düsseldorf og Museum für Gestaltung, Zürich, 1990.
Ubi Fluxus Ibi Motus, XLIV. Feneyjabíennalinum, 1990.
Open Art '90, Galerie Bernd Durr, München, 1990.
Erotische Miniaturen, Kunst Kabinett, Köln, 1991.
Arthur Rimbaud, 1854-1891, L´autre visage, Musée Rimbaud, 1991.
After Duchamp, Galerie 1900-2000, París, 1991.
Staatsportrait, Galerie Inge Baecker, Köln, 1991.

J.J. Lebel hefur tekið þátt í eftirfarandi PHASES sýningum:
PHASES, GALERIE CHUÔ KORON, Tokyo, Japan, 1958.
PHASES, INSTITUTO DE ARTE CONTEMPORANEO, Lima, Perú, 1958.
PHASES, MUSÉE D'ART MODERNE, Montevideo, Uruguay, 1958.
Gruppe PHASES, GALERIE PARNASS, Wüppertal, R.F.A., 1958.
BOA-PHASES, MUSÉE DE BELLAS ARTES, Santa Fé, Argentínu, 1959.
PHASES í Krakow, Varsjá og Lublin; Póllandi, 1959.

HAPPENINGS OG ADRAR UPPÁKOMUR

"MOVIE", Ibiza, 1958, ásamt Mel Glay, Frank Stone, Simon Vinken o.fl.
"L'ENTERREMENT DE LA CHOSE", Feneyjum, 1960, ásamt G. Corso, A. Ansen, F. Amey o.fl.
"L'ANTI-PROCÈS", París, 1960, ásamt Max Harstein, E. Denzler, A. Jouffroy, Jackie Farley, D'Dée o.fl.
"LA CATASTROPHE", í "Pour conjurer l'Esprit de Catastrophe", Galerie R. Cordier, París, 1962, og Studio de cinéma de Boulogne, 1963, ásamt D. Pommereulle, F. Dufrène, Johanna Lawrenson, J. Gabriel, W. Maz Lean, D. Allen.
"TABLEAUX-HAPPENINGS", Galerie R. Cordier, París, 1963, ásamt Erró, D. Pommereulle, M. Minujin.
"COLLAGE", Denison Hall, Lundúnum, 1964, ásamt C. Schneeman, D. Pommereulle, F. Pardo, Erró, J. de Noblet, Marc Boyle, A. Noseí.
"DECHIREX" (á Hátíð frjálsrar tjáningar), American Center, 1965, ásamt F. Pardo, L. Ferlinghetti, Lee Worley, Ted Joans, D. Serreau, J. De Noblet o.fl.
"WELSH AUTOMATIVE SALAD WITH YOGHURT" Ljóðaráðstefna, Listahátíð Cardiff, 1965.
"MODE D'EMPLOI DU PSEUDO-KINI, PLAY-TEX", La Tour d'Argent, París, 1965, ásamt F. Fischer, D. Pommereulle, F. Pardo, Erró, D. Léon.
"120 MINUTES DÉDIÉES AU DIVIN MARQUIS" á Hátíð frjálsrar tjáningar, París, 1966, ásamt Cynthia, F. Pardo, B. og B. Benamou, B. Copley, S. Goldfarb, G. Rutten o.fl.
"LE HAPPENING DANS LA RUE", (ráðstefna, sýning), SIGMA listahátíðin, Bordeaux, 1966.
"TANT VA LA CRUCHE A L'EAU QU'A LA FIN ELLE S'ENLACE", Port de Cassis, Festival de Cassis, 1966, ásamt Bernadette Lafont, Taylor Mead og Le Living Théâtre.
"DISTORTED POSTCARDS", Destruction in Art Symposium, Londres, 1966.
"FLUXUS, UNE CONFÉRENCE-DÉMONSTRATION" Faculté des Lettres de Nanterre, 1967, ásamt E. O'Leary, M. Asso.
"HOMMAGE A LAUTRÉAMONT", Montevidéo, 1967, ásamt D. Hibon, A. Neumann.
"CONFÉRENCE-DÉMONSTRATION", Instituto di Tella, Buenos Aires, 1967, ásamt D. Hibon og C. Barbosa.
"GOLDEN DUCK SOUP", Teatro Regio, Parme, 23. mars 1967, ásamt Alvin Curran, Steve Ben Israel, Frédéric Rzewsky, Musica Electronica Viva.
"ELECTION DE MISS FESTIVAL" Festival de Cinéma de Knokke-le-Zoute 1967, ásamt Yoko Ono og Tony Cox.
"DISCOURS POLITIQUE" ásamt Texture, C. Foussadier o.fl. POLYPHONIX 2, American Center, París og í CAC Les Gémeaux, Sceaux, 1980 ásamt J. Hubaut, F. Dufrêne og B. Heidsieck.
"DISCOURS POLITIQUE II", Festival dei Poeti, Piazza di Sienna, Rome, 1980.
"RETOUR À L'EN-VOYEUR/VOYEUSE", (í "Avis de passage"), ARC, Nýlistasafni Parísarborgar, 1980, ásamt D. Digne, B. Benamou, G. Marbeck, C. Maurel, B. Kagan.
"VISITE GUIDÉE A HANS ARP", Nýlistasafninu í Strasbourg, (Art d'Aujourd'hui) og ráðstefna ásamt Joël Hubout, FNAC, Strasbourg, 1980.
"POÉME DE VIANDE", Il Colpo di glotide, teatro Affratellamento, Flórens, 1980.
"DUO CONJUGAL" með Joëlle Léandre, Rencontres poétiques de Cogolin, 1982 og Polyphonix 7, Nýlistasafninu í New York, 1982.
"LA SOIF D'AMOUR DE SAINTE THÉRÈSE DE LISIEUX", með Catherine Ringer (Rita Mitsuko) og Faton Cahen, ONE WORLD POETRY FESTIVAL, Amsterdam, 1983, Polyphonix 8, Théâtre de la Bastille, París, 1983.

RIT UM J.J. LEBEL

BENJAMIN PERET - "La Poesia Surrealista Francese", útg. Schwarz, Mílanó, 1959, endurútg. Feltrinelli (vasabrotsbók) Mílanó, 1976.
WOLF VOSTELL, "Happening, Fluxus, Pop Art, Nouveau Réalisme", útg. Rowoohlt, Hambourg, 1965 (textar og ljósmyndir).
ALLAN KAPROW "Assemblage, Environnements and Happenings", útg. Abrams, New York, 1966 (textar og ljósmyndir).
MARCEL DUCHAMP - Samtöl við P. Cabanne, útg. P. Belfond, París, 1967.
HAPPENINGS, THE OTHER CULTURE (grein með myndum) eftir Barry Farrell í LIFE MAGAZINE, New York, 17. febrúar 1967.
LE HAPPENING (doktorsritgerð í félagsfræði) eftir Gilbert Tarrab, REVUE D'HISTOIRE DU THÉÂTRE, París 1968.
ADAM BIRO ET RENÉ PASSERON - Dictionnaire Général du Surréalisme, P.U.F., 1982 (texti og M.V.H.).
PIERRE RESTANY - "UNE VIE DANS L'ART", útg. Ides et Calendes, Neuchatel, 1983 (textar og ljósmyndir).
FRANÇOISE JANICOT - "POÉSIE EN ACTION", útg. Loques/Nèpe, París, 1984.
ARNAUD LABELLE-ROJOUX (grein með myndum) "L'ACTE POUR L'ART", útg. Evidant, París 1988.
ELISABETH SALVARESI - "MAI EN HÉRITAGE" (portrett), útg. Syros, París, 1988.

Menningarmálanefnd Reykjavíkur:
Hulda Valtýsdóttir, formaður
Guðrún Erla Geirsdóttir
Ingibjörg Rafnar
Jóna Gróa Sigurðardóttir
Júlíus Hafstein

Selma Guðmundsdóttir
Gunnsteinn Gíslason

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur:
Gunnar B. Kvaran

Myndaval:
Gunnar B. Kvaran

Hönnun sýningar:
Jean-Jacques Lebel

Ljósmyndun:
Marcel Lannoy

Þýðing:
Aðalsteinn Davíðsson
Friðrik Rafnsson

Yfirlestur handrita og prófarkalestur:
Aðalsteinn Davíðsson

Merkingar og textavinnsla:
Anna Friðbertsdóttir

Uppheng:
Helgi Árnason
Ásmundur Helgason

Hönnun sýningarskrár:
Birgir Andrésson

Umbrot:
Bragi Halldórsson

Litgreining og filmuvinsla:
Prentmyndastofan hf

Prentun og bókband:
G.Ben prentstofa hf.

© Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir
© The Reykjavik Municipal Art Museum, Kjarvalsstaðir



KJARVALSSTAÐIR

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
THE REYKJAVÍK MUNICIPAL ART MUSEUM

NÓVEMBER - DESEMBER 1992